

AUGLÝSING

um hækkun holræsagjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og samþykktar um fráveitu í Fjarðabyggð nr. 955/2003 hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka álagningarhlutfall fráveitugjalds skv. 19. gr. samþykktarinnar í 0,25 % af fasteignamati skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Hækkun var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. desember 2003 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, samþykktar um kattahald nr. 246/2000 og samþykktar um hundahald nr. 252/2000 í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð nr. 47/2002. Í 1. gr. gjaldskrár verður leyfisgjald fyrir hvern hund 7.931 kr. og í 2. gr. verður leyfisgjald fyrir kött 2.606 kr. Í 4. gr. verður hand-sömunargjald í fyrsta skipti 4.079 kr. og eftir hvert skipti 7.931 kr. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. desember 2003 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000, 67/2002 og 65/2003.

1. gr.

Fjárhæðir sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 4. mgr. 11. gr. komi 9.800 kr. í stað 9.500 kr. (1. fl.), 7.500 kr. í stað 7.300 kr. (2. fl.) og 5.700 kr. í stað 5.500 kr. (3. fl.).

Í 1. mgr. 12. gr. komi 600 kr. í stað 580 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. janúar 2004.

Árni Magnússon.

Þorgerður Benediktsdóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
í Reykjavík nr. 66/2003, sbr. auglýsing nr. 607/2003.**

1. gr.

Í stað núverandi fylgiskjals I kemur nýtt fylgiskjal er orðast svo:

Fylgiskjal I.

Flokkun fyrirtækja í gjaldflokka samkvæmt eftirlitssviðum.

Matvælaeftirlit

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
15.13.1	Kjötiðnaður, lítil	4
15.13.2	Kjötiðnaður, miðlungs	6
15.13.3	Kjötiðnaður, stór	7
15.13.4	Kjötpökkunarstöð	6
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
15.51.0	Mjólkurbú	7
15.51.1	Ostagerð	7
15.51.2	Jógúrtframleiðsla	4
15.52.0	Ísgerð	6
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	6
15.81.1	Brauðverksmiðjur	6
15.81.2	Bakarí	6
15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla	7
15.84.0	Súkkulaði og sælgætisgerð	6
15.87.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	6
15.89.1	Salatgerð	6
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór	6
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja, stór	7
51.31.0	Heildverslun með grænmeti, meðal	4
51.31.1	Heildverslun með grænmeti, stór	6
51.36.0	Heildverslun með sykurl. o.fl.	4
51.39.1	Heildverslun með matvæli, lítil	1
51.39.2	Heildverslun með matvæli, meðal	4